



Strætó bs
Pósthólf 9140
129 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 22. janúar 2017
Tilv.: UMH17020087/40-3

Efni: Gæludýr í strætó.

Vísað er til erindis Strætó bs. frá 22. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir undanþágu frá 55. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti vegna tilraunaverkefnis um gæludýrahald í strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu, eða breytingu á reglugerð um hollustuhætti. Fram kemur í erindinu að Strætó bs. hafi áhuga á að standa að tilraunaverkefni þar sem gæludýr yrðu leyfð í almennum strætisvögnum í eitt ár að undanskildum undirbúningstíma. Æskilegt sé að tilraunaverkefnið nái yfir allar árstíðir til að fá sem heildastæðasta mynd af ferlinu. Fram kemur að Strætó bs. hafi leitt vinnuhóp sem hafi verið falið að meta kosti þess og galla að leyfa gæludýr í almenningsvögnum á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn hafi samanstáð af ýmsum haghöfum og hafi skilað til stjórnar Strætó bs. verkefnahandbók þar sem fram komi niðurstöður vinnuhópsins. Þessar niðurstöður sé hægt að nýta til að skilgreina umgjörð tilraunaverkefnisins. Strætó bs. leggi upp með að tilraunaverkefnið miðist við þá afmörkun að gæludýr sem mögulega sé hægt að ferðast með í strætisvagni á höfuðborgarsvæðinu séu hundar, kettir, nagdýr, fuglar í búi, kanínur, froskar, skrautfiskar, skriðdýr og skordýr, sem falli ekki undir ólöglegar dýrategundir á Íslandi. Strætó bs. geri ráð fyrir markvissri eftirfylgni með verkefninu og muni meta árangur þess með reglubundnum hætti.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. ákvæði 74. gr. reglugerðar um hollustuhætti, sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess var erindið sent Embætti landlæknis, Læknafélagi Íslands, Astma- og ofnæmisfélagi Íslands, Félagi ábyrgra hundaeigenda, Vagnstjóra Strætó bs. og Matvælastofnun til umsagnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 10. mars 2017 kemur fram að stofnunin fallist á veitingu umbeðinnar undanþágu með þeim skilyrðum sem fram komi í verkefnahandbók Strætó bs., auk tveggja skilyrða sem stofnunin leggi til.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Kjósasvæðis frá 20. október 2016 kemur fram að meirihluti nefndarinnar sé jákvæð fyrir að sett verði í gang tilraunaverkefni til 12 mánaðar þar sem gæludýr verði leyfð í strætó.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 3. mars 2016 kemur fram að nefndin telji ólíklegt að það ógni almennt heilbrigði borgaranna að ferðast verði með gæludýr í almenningsvögnum en að vinna þurfi málið nánar m.t.t. þeirra sem hafi óþægindi af dýrum.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur kveðst í umsögn sinni frá 3. apríl 2017 ekki leggja gegn tilraun í eitt ár um að leyfa dýr í strætisvögnum með tilteknum skilyrðum.

Embætti Landslæknis bendir á í umsögn sinni frá 13. mars 2017 að þau faglegu rök sem

mæli á móti flutningi dýra í almenningssamgöngutækjum sé hætta á ofnæmisviðbrögðum meðal farþega, hræðsla einstaklinga við dýr og svo líkur á biti frá dýrum. Á hinn bóginn séu líkur á ofnæmisviðbrögðum einnig töluverðar af völdum eigenda dýra við samgang við viðkvæma einstaklinga þó dýrin séu ekki til staðar. Tillögur Strætó bs. geri ráð fyrir verulegum takmörkuðum samgangi dýra við farþega sem ætti að minnka hættuna á alvarlegum aukaverkunum í strætisvögnum. Embætti landlæknis telji því ekki forsendur til að mótmæla fyrirhuguðu tilraunaverkefni.

Í umsögn Læknafélags Íslands frá 24. mars 2017 kemur fram að stjórn félagsins hafi samþykkt að leggja ekki gegn umræddu tilraunaverkefni að því gefnu að tekið sé tillit til astma- og ofnæmissjúklinga við framkvæmd verkefnisins.

Astma- og ofnæmisfélag Íslands skilaði inn umsögn ásamt Öryrkjabandalagi Íslands, dags. 23. mars 2017, og er í umsögninni ekki fallist á að undanþága verði veitt. Lagt er til að ráðuneytið skipi starfshóp til að vinna málið frekar og að allir haghafar komi að þeirri vinnu. Í umsögninni segir að verði undanþágan veitt verði veruleg áhætta tekin með heilsu fólks með ofnæmi. Hætta sé á að hópur fólks sem treysti á almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu geti ekki nýtt sér þjónustuna á meðan á tilraunverkefninu standi. Leiðin sem Strætó bs. leggi til valdi því að ofnæmisvakar verði ávallt fremst í vagninum þar sem að þeir sem komi með dýr skuli greiða þar. Þá sé augljóst að ferðir nemenda í leik- og grunnskólum með strætisvögnum geti þurft að breytast. Verkefnastjórn Strætó bs. sé sett saman á ósanngjarnan hátt og svo virðist sem Geðhjálp hafi ekki verið boðin þátttaka í vinnuhópnum. Mikilvægt sé að samráð sé haft við alla hópa. Bent sé á nauðsyn þess að skoða vandlega reglur annarra landa áður en farið verði í tilraunaverkefnið.

Í umsögn Félags ábyrgra hundaeiganda frá 11. mars 2017 skorar félagið á ráðuneytið að skoða undanþágubeiðnina með opnum hug með tilliti til þess að samfélagið hafi tekið breytingum sökum þess að hundum á Íslandi hafi fjölgað ört á síðustu árum. Rök félagsins eru m.a. þau að Reykjavíkurborg hvetji til græns lífsstíls með þéttingu byggðar og takmarkandi aðgengi einkabíla. Einnig að það að geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur sé tálmandi fyrir tiltekna hópa fólks sem þurfi eða vilji halda hunda. Reynsla þeirra landa þar sem hundar séu leyfðir í almenningssamgöngutækjum og Ísland beri sig gjarnan saman við sé almennt góð og samgöngutæki hafi ekki fyllst af hundum. Óþarfi sé að hafa áhyggjur af óþrifnaði í vögnum þar sem alþekkt sé að hundar ferðist um í einkabílum vandræðalaust og hægt sé að setja rakkabindi á hunda. Nú þegar séu ofnæmisvakar í strætó eins og ilmvötn, hnetur og hundaeigendur á meðal farþega.

Í umsögn trúnaðarmanna hjá Strætó bs. frá 11. mars 2017 kemur fram að þeir geti ekki fallist á umrædd undanþága verði veitt, m.a. þar sem strætisvagnar séu byggðir til að flytja fólk en ekki dýr. Trúnaðarmenn hafi nöfn 130 vagnstjóra sem séu mótfallnir því að leyfa hundahald í strætó.

Í umsögn Matvælastofnunar frá 4. júlí 2017 kemur fram að stofnunin fagni tilraunaverkefni Strætó bs. sem geti átt þátt í því að auka dýravelferð með því að auðvelda dýraeigendum að taka með sér dýr til útivistar innan eða utan bæjarmarka eða vegna annarra erindagjörða, svo sem til dýralæknis. Starfshópurinn hafi unnið verkefnið af fagmennsku og tekið tillit til ólíkra þátta hvað varði áhættu en einnig velferð dýranna.

Í umsögn Dýraverndarsambands Íslands frá 15. október 2017 kemur fram að sambandið styður umbeðna ósk Strætó bs. um undanþágu. Bendir sambandið á að gæludýr séu haldin á allt að 40% íslenskra heimila á sama tíma og hvatt sé til notkun almenningssamgöngutækja og græns lífsstíls.

Félag íslenskra ofnæmis- og ónæmislækna vísar í tölvupósti frá 6. júlí 2017 til umsagnar frá 30. nóvember 2015 um tillögu um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga um dýrahald á opinberum stöðum þar sem fram kemur að það sé mat félagsins að þar sem börn og fullorðnir þurfa að sækja þjónustu og þar sem mæting sé ekki valfrjáls eigi ekki að heimila gæludýrahald. Þar sem gæludýrahald sé leyft skuli haga aðstæðum þannig að tekið sé tillit til viðkvæmra einstaklinga.

Eins og fram hefur komið hefur Strætó bs. áhuga á að leyfa gæludýr í almennum

strætisvögnum sem tilraunaverkefni í eitt ár þar sem æskilegt er að verkefnið nái yfir allar árstíðir, til að fá sem heildstæðasta niðurstöðu af verkefninu. Vinnuhópur á vegum Strætó bs. sem samanstóð af haghöfum hefur gefið út verkefnishandbók þar sem verkefnið er metið út frá ýmsum forsendum. Verkefnið tekur mið af sjónarmiði um eflingu almenningsgangna, að almenningsgangur verði raunverulegur valkostur sem fararmáti innan höfuðborgarsvæðisins og styður við grænna lífstíl. Í ljósi framangreinds og í samræmi við 1. mgr. 41. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 74. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti, fellst ráðuneytið á að veita Strætó bs. umbeðna undanþágu frá 3. másl. 2. mgr. 55. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti, um að dýr megi ekki flytja í almennum farþegarymum samgöngutækja. Undanþága þessi gildir fyrir strætisvagna Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. á svæði Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar og Mosfellsbæjar. Undanþágan gildir fyrir gæludýr sem heimilt er að halda hér á landi enda sé það á ábyrgð eiganda þess að dýrin hvorki skapi hættu né óþægindi fyrir aðra í vögnunum á meðan ferð stendur.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum.

1. Strætó bs. skal framkvæma könnun áður en verkefnið hefst meðal farþega og vagnstjóra um hvort þau eru hlynnt því að leyfa gæludýr í strætisvagna. Kannað verði þrisvar sinnum meðan á verkefninu stendur meðal farþega og vagnstjóra viðhorf til þess hvort leyfa eigi gæludýr í strætó. Þegar verkefninu er lokið skal gera lokakönnun á viðhorfi farþega og vagnstjóra til þess að leyfa gæludýr í strætisvögnum.
2. Allir strætisvagnar sem eru notaðir í verkefnið skulu í lok hvers dags þrífir sérstaklega vel að innan.
3. Til að upplýsingar um að gæludýr séu leyfð í vagni séu vel sýnilegar farþegum áður en gengið er inn í vagninn skal Strætó bs. auglýsa það á áberandi hátt á vagninum sjálfum, utan sem innan, og á vef sínum að heimilt sé að koma með gæludýr inn í vagna. Jafnframt skal Strætó auglýsa rækilega þau skilyrði sem farþegar sem ferðast með gæludýr þurfa að uppfylla.
4. Undanþágan er bundin við að heimilt sé að fara með ákveðin gæludýr í strætisvagna. Þetta eru hundar og kettir sem eru skráðir í samræmi við samþykktir um hunda- og kattahald í hlutaðeigandi sveitarfélögum og nagdýr, fuglar, kanínur, froskar, skrautfiskar, skriðdýr og skordýr, enda sé heimilt að halda þessi dýr á Íslandi.
5. Farþegi sem ferðast með gæludýr skal hafa náð 18 ára aldri og ber hann ábyrgð á dýrinu.
6. Gæludýr skulu vera aftast í vagninum. Sá sem ferðast með dýr kemur í framdyrnar til að greiða fargjald og fer síðan með gæludýr inn um aftari dyr vagnsins.
7. Gæludýr sem ferðast í strætisvögnum skulu vera í töskum eða lokuðum búrum sem tryggja að dýr geti ekki sloppið út. Búr eiga að vera vel skorðuð eða bundin og geymd í kjöltu ábyrgðaraðila eða á gólfinu við fætur hans. Heimilt er þó að ferðast með hund í ól og beisli sem er þannig gerðar að dýrið geti ekki smokrað sér úr því, t.d. tryggilega fest utan um brjóstakassa hundsins, enda er hundurinn alltaf undir fullri stjórn farþegans sem ferðast með hann. Hundar mega ekki vera í útdraganlegum taumi í vagninum og þeir mega ekki vera í sæti.
8. Ábyrgðarmaður hunds ber ábyrgð á að grípa til sérstakra aðgerða, svo sem að nota munnkórfa, sé þess þörf til að tryggja öryggi annarra farþega og dýranna sjálfra.
9. Hver farþegi sem ber ábyrgð á gæludýri má einungis bera ábyrgð á einu buri, einni tösku eða einum hundi í taumi í einu.
10. Farþegi skal tilkynna vagnstjóra um að tiltekið gæludýr sé með í för.
11. Óheimilt er að ferðast með gæludýr í strætisvögnum á virkum dögum á milli kl. 7:00 til 9:00 og á milli kl. 15:00 til 18:00.
12. Á gildistíma undanþágunnar skal Strætó bs. kalla saman samráðshóp haghafa um verkefnið sem taki þátt í að meta kosti þess og galla að leyfa gæludýr í almenningsvögnum á höfuðborgarsvæðinu. Í hópnum skulu a.m.k. vera fulltrúar frá Geðhjálpi, Astma- og ofnæmisfélagi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu, auk annarra sem aðild áttu að í vinnuhópi Strætó bs. og Strætó bs. telur

æskilegt að séu með í samráðshópnum. Samráðshópurinn skal m.a. fjalla um hvernig reynslan af verkefninu verði metin og hvernig skráning á atvikum sem koma upp á tíma undanþágunnar verði háttað.

Undanþága þessi gildir lengst til 31. mars 2019 og á því tímabili má verkefnið standa að hámarki í eitt ár.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbjörg Sæmundsdóttir


Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur